



Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Steinn Jóhannsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Reykjavík, 15. júlí 2026

SFS26060088

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Vinstreisins um kostnað við að leggja fyrir matsferil í öllum árgöngum grunnskóla

Á fundi skóla- og frístundaráðs, 22. júní 2026 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Vinstreisins:

Hver er kostnaðurinn og tíminn sem er áætlaður í að fari í að útfæra þá tillögu skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Framsóknarflokksins um að leggja matsferilinn fyrir alla árganga í borgarreknum grunnskólum einu sinni á ári?

Svar:

Ekki er fyrirsjáanlegur viðbótarkostnaður þar sem verklagið í kringum matsferilinn er með þeim hætti að hann fellur inn í skólastarf. Prófin krefjast ekki sérstaks undirbúnings hjá nemendum. Prófatímabilið er einn mánuður og ræður skólinn hvenær hann leggur prófið fyrir nemendur sína á því tímabili. Ekki þarf að undirbúa próftöku sérstaklega þar sem kennari leggur prófið fyrir sem hluta af skóladegi barnsins.



Reykjavík